

Pingeyjarsveit
Anna Bragadóttir
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 8. maí 2024
UST202404-270/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting á deiliskipulagi - Goðafoss og umhverfi - Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Pingeyjarsveit er barst 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Goðafoss og umhverfi.

Í greinargerð kemur fram bætt er við reiðvegi frá gömlu brúnni yfir Skjálfandafljót vestan megin og til vesturs upp að og síðan meðfram núverandi þjóðvegi (nr. 1) vestur fyrir Goðafossveg (nr. 883). Þar sveigir reiðvegurinn og liggur til suðurs og síðan suðvesturs skammt innan skipulagsmarka að Hróteyjarkvísl, þar yfir vað á ánni og áfram upp með Skjálfandafljóti. Þá er einnig bætt við hestagerði og girðingum vestan gömlu brúarinnar við upphaf nýja reiðvegarins. Gengið skal frá jörðum og fláum reiðleiðar þannig að hún falli sem best að umhverfi sínu, m.a. með því að græða jaðra og fláa upp með samskonar gróðri og er umhverfis reiðleiðina. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að tryggja með sem bestum hætti öryggi almennings, ferðafólks, hestafólks og hesta sem eiga leið um svæðið en þörf er talin á að skapa örugga reiðvegatengingu frá gömlu brúnni vestan við Skjálfandafljót og upp með bökkum árinna vestan megin sem skarast ekki á við ferðir almennings og ferðafólks á svæðinu.

Goðafoss - Náttúruvætti

Friðlýsing

Umhverfisstofnun bendir á að koma þarf fram að Goðafoss í Skjálfandafljóti var friðlýstur sem náttúruvætti þann 11. júní 2020.¹ Jafnframt bendir stofnunin á að í deiliskipulaginu þurfi að fjalla um markmið friðlýsingarinnar sem er að vernda sérstæðar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn, vegna fegurðar og sérkenna og útivistargildis svæðisins.² Auk þess þarf að koma fram að samkvæmt 12. gr. friðlýsingar eru allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og innan náttúruvættisins háðar leyfi Pingeyjarsveitar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki,

¹ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/godafoss-i-thingeyjarsveit/>

² <https://ust.is/library/sida/Nattura/Augl%3%bdsing%20%3%ad%20Stj%3%b3rnart%3%ad%3%b0.pdf>

landeigenda og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Landnýting skal vera sjálfbær.

Afmörkun

Umhverfisstofnun bendir á að afmörkun verndarsvæðisins þarf að vera sýnd á uppdrætti.³

Reiðleið

Umhverfisstofnun bendir á að sbr. 6. gr. auglýsingar um friðlýsinguna segir „*Umferð ríðandi manna er heimili á skilgreindum reiðleiðum innan náttúruvættisins. Reiðleiðir skulu skilgreindar í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.*“

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 12. gr. friðlýsingar segir að framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Í því samhengi bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdin er í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun, en þar segir að stefnt að því að gert verði gerði að vestan áður en farið er yfir brúna og ný reiðleið, en reiðleiðin sem er farin núna er eftir aðalgöngustígnum meðfram fljótinu að vestan telst hvorki heppileg né örugg.⁴

Auk þess segir í aðgerðaráætlun fyrir Goðafoss að sett verði upp gerði að vestan í samræmi við nýja reiðleið áður en farið er yfir brúna og ný reiðleið meðfram þjóðveginum og vestan niður að gömlu slóðunum að vaðinu yfir Hróteyjarkvísl.⁵

Umhverfisstofnun bendir því á að fyrirhuguð breyting er í samræmi við auglýsingu fyrir verndarsvæðið og stjórnunar- og verndaráætlun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson,
sérfræðingur

Hlín Gísladóttir,
lögfræðingur

³ https://ust.is/library/sida/Nattura/Goðafoss_tillaga%20fyrir%203%20m%20a1n%20kynningu.png

⁴ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/godafoss-i-thingeyjarsveit/stjornunar-og-verndaraaetlun/>

⁵ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Go%20afoss%20-%20a%20ger%20a%20a1%20a6tlun.pdf>